

## 7. Stjórnarfundur

### Forma 2012 – 2013

Dags. 15. mars 2013

Tími: kl. 16.30

Staður: Gamli skóli.

**Mætt:** Bryndís Arnarsdóttir, Eyrún Skúladóttir, Helena Sigurðardóttir, Herdís Zophóníasdóttir, Sigrún Birna Sigtryggisdóttir og Jón Már Héðinsson.

1. Umræður um efni síðasta fundar, árshátíð félagsfræðibrautar og úrslit kosninga í skólanum.
2. Umræður um móttöku nýnema. Jón Már ræddi um þær hugmyndir sem viðraðar hafa verið við nemendur og þær hugmyndir sem að nemendur sjálfir hafa komið með. Ekki hefur mikið komið frá nemendum enn gott væri að fá fleiri lausnir frá þeim.
3. Umræður um að reyna að virkja foreldra/forráðamenn til frekari ábyrgðar í tengslum við samkomur og fleira. Foreldrar/forráðamenn eru vanir slíku úr grunnskólum. Æskilegt væri að hafa kynningarfundina á haustin fyrr t.d. við skólasetninguna og þannig koma foreldrum/forráðamönnum inn í öll mál. Hvetja foreldra/forráðamenn til að halda áfram að fylgjast með sínum börnum.
4. Umræður um skálaferðir næsta skólaárs, skoða þarf skipulag í tengslum við skólasetningu og kynningar. Gott væri að nýta tækifærið, mynda tengsl við foreldra/forráðamenn og jafnvel fá sjálfboðaliða fyrir ferðirnar. Tillögur um að hafa ferðirnar fyrr þannig að þær rekist á aðrar ferðir t.d. í tengslum við Íslandsáfangu og menningarferð nemendafélagsins, ef slík ferð verður farin.
5. Jón Már ræddi um að forma aðkomu foreldrafélagsins í tengslum við nýja aðalnámskrá, einhverskonar skólafund þar sem málefni sem tengjast skólanum eru rædd.

Fundarritari Helena Sigurðardóttir